

Lífeyrissjóðurinn Kjölur

Kynningarfundur með sjóðfélögum Kjalar lífeyrissjóðs haldinn fimmtudaginn 15. des. 2011, kl. 17,00 að Borgartúni 22.

Til fundarins var boðað bréflega með tæplega viku fyrirvara. Bréf fengu þeir sjóðfélagar sem hafa fengið boð á ársfund lífeyrissjóðsins. Fundarefnið var að fara yfir stöðu, horfur og framtíðarsýn lífeyrissjóðsins. Einnig var kynnt hugmynd um samruna við Söfnunarsjóð lífeyrisréttinda (SL).

Aðalbjörg Lúthersdóttir formaður stjórnar Kjalar setti fundinn og lagði til að Hálfván Hermannsson yrði fundarstjóri og Ólafur Steinar Björnsson yrði fundarritari. Hvorutveggja var samþykkt með lófaklappi.

Hálfván kynnti dagskrá fundarins og framsögumenn sem voru:

Steinunn Guðjónsdóttir, tryggingastærðfræðingur Kjalar
Sigurbjörn Sigurbjörnsson, framkvæmdastjóri Söfnunarsjóðs lífeyrisréttinda (SL)
Halldór Kristinsson, framkvæmdastjóri Kjalar

Síðan yrðu umræður og fyrirspurnum svarað ef þær kæmu fram.

Aðalbjörg bað um orðið áður en gengið yrði til dagskrá. Fór hún nokkrum orðum um tilefni þessa fundar. Komið hafi fram á síðasta ársfundi að stjórn biði ærin verkefni þar sem samningur við Landsbankann rynni út um mitt árið 2012 og finna yrði rekstraraðila sem væri traustsins verður. Nú lægi fyrir að ákveða, fyrir áramót, hvort sjóðurinn yrði áfram í vörslu Landsbankans eða hvort segja ætti upp samningnum við bankann. Samhliða þessu hefði stjórn Kjalar átt í könnunarviðræðum við Söfnunarsjóð lífeyrisréttinda um mögulegan samruna. Kveikjan að þeim viðræðum hafi verið sameining fjögurra

annarra lokaðra lífeyrissjóða inn í Söfnunarsjóð lífeyrisréttinda (SL) á síðasta ári. Þótti stjórn Kjalar áhugavert að vita hvernig slík sameining hefði átt sér stað og hvaða áhrif það hefði haft á réttindi viðkomandi sjóðfélaga. Tekið var fram að engar formlegar viðræður um sameiningu við SL hefðu farið fram og væri þessi fundur liður í að kynna þennan möguleika og fá umræðu um málið. Þess væri vænst að umræður á fundinum yrðu málefnalegar og skili stjórn áhugaverðum vísbendingum um þær leiðir sem sjóðfélagar teldu vera fyrir lífeyrissjóðinn.

Steinunn Guðjónsdóttir, tryggingastærðfræðingur Kjalar lífeyrissjóðs tók næst til máls. Hún rifjaði upp hvaða fimm sjóðir hefðu sameinast í Kjöl og væru þeir í raun fimm deildir innan Kjalar þar sem réttindi hvers sjóðsfélaga tæki mið af samþykktum eins og þær voru í gömlu lífeyrissjóðunum. Þar næst fór Steinunn, í grófum dráttum, yfir hvaða breytingar yrðu á réttindum sjóðfélaga þessara fimm deilda ef af sameiningu yrði. Mikilvægt væri að fara yfir réttindi sjóðfélaga hvernar deildar fyrir sig og bera saman við samþykktir SL. Að lokum fór hún nokkrum orðum yfir áfallnar skuldbindingar og eignir sjóðsins miðað við 31. des. 2010.

Sigurbjörn Sigurbjörnsson, framkvæmdastjóri SL tók næstur til máls. Fór hann í stuttu máli yfir hvernig staða SL væri, s.s. eignir 2010, ávöxtun, tryggingafræðilega stöðu ársins 2010 og væntingar um ávöxtun á líðandi ári. Samkvæmt þessu væru eignir lífeyrissjóðsins Kjalar 10% af eignum SL. Sigurbjörn fór einnig yfir þróun og sögu Söfnunarsjóðsins. Sjóðurinn væri óháður fjármálafyrirtækjum og stéttafélögum. Kom fram hjá honum hvaða fjórir lífeyrissjóðir hefðu sameinast inn í SL á síðasta ári. Í lokin fór hann yfir ýmsar kennitölur og fjárfestingaumhverfi auk þess að segja frá stöðu mála í dag fyrir sjóðinn sem hann kynnti sem; Traustur sjóður – trygg framtíð.

Halldór Kristinsson, framkvæmdastjóri Kjalars lífeyrissjóðs og starfsmaður Landsbankans tók næstur til máls. Í upphafi skýrði hann frá sínum bakgrunni og hann hafi tekið við starfi framkvæmdastjóra Kjalars í mars 2009. Halldór fór yfir stöðu Kjalars í dag og sýndi eignaskiptinguna á myndrænan hátt. Hann skýrði frá fjárfestingastefnu sjóðsins sem hann sagði að væri „varfærin“. Hann upplýsti einnig að rekstrarkostnaður sjóðsins væri 0,16% af hreinni eign og raunávöxtun ársins stefndi í rúm 4%. Kom fram hjá Halldóri að rekstrarsamningurinn væri mjög hagstæður fyrir Kjöl og Landsbankinn hefði gefið það út að ekki væru áform um að breyta honum. Því væri ekki fyrir séð að kostnaður við rekstur sjóðsins myndi hækka umfram almennar hækkningar. Að lokum minnti hann á að frá árinu 2008 væri Landsbankinn ekki sami og áður var, fjarri því. Miklar breytingar hefðu átt sér stað innan bankans sem tengjast m.a. flestum verkferlum og stjórnun.

Að loknum framsöguerindum bauð fundastjóri fundarmönnum að leggja fram spurningar til framsögumanna og stjórnar Kjalars. Óskaði hann eftir því að teknar yrðu fyrirspurnir frá ca 3 fyrirspyrjendum í einu og þeim yrði svarað o.s.frv. Enginn gerði athugasemd við þetta fyrirkomulag.

Kristján Guðmundsson tók fyrstur til máls. Hann hóf mál sitt á því að segja að enn á ný væru boðaðar breytingar á rekstri lífeyrissjóðsins. Fór því næst yfir rangfærslur í fundargerð síðasta ársfundar og sagðist ekki hafa orðið var við að neinar leiðréttingar. Lagði hann til að að öllum samninga-/samrunaviðræðum og breytingum á rekstri sjóðsins yrði frestað þar til lægi fyrir niðurstaða á rannsókn sem væri í gangi á störfum fyrri stjórnar Kjalars svo og fyrri framkvæmdastjóri. Spurði hann einnig hvernig þeirri rannsókn miðaði. Tillagan var afhent fundarstjóra og kemur í heild sinni hér að neðan.

TILLAGA.

Fundur haldinn hjá Lífeyrissjóðnum Kili fimmtudaginn 15. desember 2011 samþykkir að allar aðgerðir til sameiningar á lífeyrissjóðnum við aðra lífeyrissjóði verði frestað þar til rannsókn á því misferli er átti sér stað varðandi þá fimm lífeyrissjóði er mynda lífeyrissjóðin Kjöl hefur verið lokið.

Samkvæmt fréttatilkynningu frá ríkissaksóknara er rannsókn á umræddum lífeyrissjóðum í gangi. Sameining hinna fimm lífeyrissjóða á árunum fyrir hrun var eingöngu framkvæmd í þeim tilgangi að fela þau óhæfuverk sem verið var að vinna að við að ná út fjármunum úr sjóðunum á ólöglegan hátt. Sameining við aðra lífeyrissjóði í dag yrði aðeins til að fela enn betur það ólöglega athæfi sem átt hefur sér stað við stjórnun á fjármunum þessara lífeyrissjóða. Það að 40% af fjármunum sjóðanna hafi horfið við þá óstjórn sem ríkti á málum sjóðanna má ekki veri endurtekið.

Kristján Guðmundsson

Runólfur Sigurðsson spurði um breytingar á makalífeyri, við samruna, ef félagsmaður félli frá og kvaðst sammála Kristjáni um að fresta öllum samrunaviðræðum að sinni.

Ingi Ólafsson spurði af hverju mætti ekki halda réttindum þessara fimm deilda innan Kjalar óbreyttum þegar og ef af samruna yrði við Söfnunarsjóðinn.

Steinunn svaraði spurningu Runólfs um breytingar á makalífeyri. Sigurbjörn svaraði spurningu Inga þannig að það yrði of dýrt, einfalda ætti allan rekstrarkostnað.

Aðalbjörg kom aðeins inn á fyrirspurn Kristjáns Guðmundssonar um stöðu rannsókna. Kom fram hjá henni að það væri ekki á vitorði stjórnar en til að upplýsa þá væri Kjölur væri með þrjár kröfur í gangi á gamla Landsbankann. Kröfur sem hefðu farið á slitastjórn þess banka.

Kristján Guðmundsson kom aftur í pontu og áréttaði það sem hann sagði frá í fyrri ræðu sinni.

Ingi Ólafsson spurði hver yrði staða kærumála ef af samruna yrði.

Sigurbjörn svaraði þessu og sagði að ef niðurstaða úr kærumálum yrði jákvæð fyrir Kjöl, þá rynni það til viðkomandi sjóðfélaga sem töpuðu fénu.

Geir Hauksson lýsti sig sammála samruna ef af yrði.

Bjarne Hansen taldi að halda yrði til haga réttindum hvers sjóðs sem að Kili stæðu.

Aðalbjörg Lúthersdóttir tók síðan til máls og hafnaði því að tillaga sú sem Kristján Guðmundsson lagði fram til fundarstjóra yrði borin undir atkvæði á þessum fundi þar sem fundurinn hefði aðeins verið ætlaður til kynningar og auglýstur sem slíkur. Ef farið yrði í formlegar viðræður við SL þá væri eðlilegt að sjóðfélagar hefðu eitthvað að segja um niðurstöðuna, t.d. á næsta ársfundi. Með þessum orðum sleit hún fundi kl. 18:40.

Fundarritari: Ólafur Steinar Björnsson.